

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2016



## SKÍN - Innra mat til eflingar skólastarfs



# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Garðaskóli og Hofsstaðaskóli

**Nafn verkefnisins:** SK(i)N – Innra mat til eflingar faglegs skólastarfs

**Nöfn verkefnisstjóra:** Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir, Menntaklif

## Markmið verkefnis:

SKÍN er samstarfsverkefni kennara og stjórnenda í Garðaskóla og Hofsstaðaskóla í Garðabæ. Markmið verkefnisins eru að efla kennsluhætti og innra mat skólanna. Á fyrsta ári verkefnisins (2015-2016) var lögð áhersla á að gera námsmarkmið sýnilegri nemendum, þróa leiðir til að efla leiðsagnarmat innan skólanna og að þróa rýniheimsóknir kennara og stjórnenda í kennslustundir, bæði félagarýni og mat stjórnenda. Tilgangur verkefnisins er markvissari kennsla og endurgjöf til nemenda. Með því eru markmið náms gerð sýnilegri nemendum svo þeir geti í auknum mæli tekið meiri ábyrgð á eigin námi. Með þessu móti er ætlunin að færa hvatann í náminu meira inn á við hjá nemendum. Samfella í námi er talin mikilvæg. Með því að leggja sameiginlegar línur varðandi ákveðin vinnubrögð og markmið í báðum skólum eiga skil milli skólastiga að reynast nemendum auðveldari og þar með talið að fara á milli skóla. Það er skýr faglegur ávinningur að samræma og auka samvinnu milli skólastiga.

Verið er að innleiða ný vinnubrögð og samtöl milli faghópa. Vinnan byggir meðal annars á fyrirmyndum frá samstarfshópi Garðbæinga í Shouburyness High School í Bretlandi sem skólafólk í Garðabæ kynntist með þátttöku í Comeniusarverkefni þvert á skóla í Garðabæ á árunum 2013-2015.

## Leiðir:

Þátttakendum í verkefninu, 26 manns, var skipt upp í tvo þróunarhópa, einn hóp í hvorum skóla. Þátttakendur frá Hofsstaðaskóla voru samtals fimmtán; 12 kennarar, 2 deildarstjórar og skólastjóri. Þátttakendur frá Garðaskóla voru ellefu; 9 kennarar og 2 skólastjórnendur. Tveir verkefnastjórar frá Menntaklifinu stýrðu vinnunni. Haldnir voru 15 vinnufundir á verkefna tímabilinu auk funda stjórnenda og verkefnastjóra sem funduðu nokkrum sinnum á tímabilinu. Allur hópurinn hittist fjórum sinnum; í maí, ágúst og október 2015 og apríl 2016 þar sem þátttakendur og sögðu frá framgangi verkefnisins í hvorum skóla fyrir sig. Hvor þróunarhópur fundaði auk þess 5 sinnum í sínum skóla á tímabilinu september 2015 – júní 2016. Kennarar gerðu tilraunir með aðferðirnar í eigin kennslu allt skólaárið. Unnið var með sýnileg markmið, aukna hvatningu til nemenda (must, should, could), lærdómsgöngur, innlit skólastjórnenda og félagarýni.

Verkefnastjórar gegndu því hlutverki tryggja gott samtal milli skólana, setja hæfilegan þrýsting á alla aðila og tryggja góða framvindu í verkefninu. Þeir sáu um að boða til fundar, halda fundargerðir, taka myndir, veita ráðgjöf og fylgjast með framgangi verkefnis í samráði við stjórnendur. Notast var við Google Drive, Facebook Groups og Dropbox sem samvinnuvettvang hópsins. Gögn voru vistuð á Google Drive og voru kennarar hvattir til þess að vera duglegir að taka myndir af tilraunum sínum í kennslunni. Hvor skóli fyrir sig hafði möppu á Google Drive. Auk þess var mappa fyrir sameiginleg gögn. Í maí sendu verkefnastjórar út könnun til allra þátttakenda þar árangurinn af verkefninu var mældur.

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Áætlun verkefnisins gekk eftir og engin frávik voru í verkefninu sem gekk glimrandi vel í alla staði.

### Helstu hindrarnir:

Helstu hindranir eru tímaleysi þátttakenda og fjöldi þróunarverkefna í hvorum skóla fyrir sig. Allir gerðu sitt besta og skólarnir komu með sína sýn á verkefnið. „Þetta er verkefni sem krefst þínu innri þælingar hjá einstaklingnum og sjálfsskoðunar og það tekur stundum tíma að hrinda því í framkvæmd“ (þátttakandi í verkefninu).

### Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Lögð var skoðanakönnun fyrir kennara og þeir spurðir um reynslu þeirra af verkefninu. Kennurum finnst verkefnið hafa haft þau áhrif á kennsluna að markmiðin eru sýnilegri og markvissari auk þess sem kennslan er skipulagðari. Kennarar í báðum skólum hafa bætt endurgjöf til nemenda og hún er líka sýnilegri og fjölbreyttari. Nemendur eru í kjölfarið öruggari og vita betur til hvers er ætlast af þeim. Að mati kennara eru nemendur fyrri til við að klára verkefni og nýta tíma sinn betur. Nemendur voru meira á tánum og hefur verkefnið auðveldað nemendum að gera sér grein fyrir markmiðum hvers tíma. Hvatningin (get, ætla, skal) hafði mjög jákvæð á unglíngana sem voru kappsamari og alltaf með á hreinu hvað átti að gera í tímunum. Samvinna milli faggreina og skóla gerir það að verkum að kennarar fá nýtt sjónarhorn á það sem verið er að gera og læra í leiðinni af öðrum.

### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Með SKÍN verkefninu er lagður grunnur að faglegu starfi milli tveggja skóla í Garðabæ og tengsl kennara efla. Slík samvinna innan og milli námsgreina, árganga og skóla hjálpar kennurum að vinna saman og þróa sig áfram í starfi. Greina má aukna faglega samræðu milli þátttakenda í verkefninu og lærdómurinn sem hlotist hefur af samvinnunni skilar sér í auknum skilningi á starfi kennara á yngsta, mið- og unglíngastigi. Verkefnið hefur ýtt undir fagmennsku kennara sem sést meðal annars á aukinni faglegri hugtakanotkun sem samræmist orðaforða nýrrar Aðalnámskrár. Þátttakendur í verkefninu hafa meðal annars þróað plakat, *verkfærakistu kennarans*, í anda hugmynda Benjamin Blooms. Verkfærakistan er í anda kennslufræði nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Fleiri verkfæri eru í smíðum og þróun innan hópsins. Skilningur kennara á nýju námsmati hefur eflst og innleiðing á námskrá helst í hendur við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin og er í þróun.

Með því að [auka samfellu milli skólastiga](#) (frá yngsta stigi til unglíngastigs) teljum við að draga megi úr hættunni á rofi með sveigjanleika og samfellu í starfsháttum beggja skóla og samstarfi og upplýsingamiðlun milli skóla. Þátttaka í verkefninu hefur dýpkað skilning kennara á starfinu á stiginu á undan og eftir. Með samvinnu er hægt að minnka hættuna á að nemendur séu að fást við sama efni og áður (yngsta stig og/eða miðstig) á nýju skólastigi (unglíngastigi). Samfellan eykst einnig þegar kennarar þróa sambærilegar aðferðir og hugtakanotkun í starfi sínu með nemendum í anda nýrrar aðalnámskrár.

### Niðurstöður verkefnisins:

Niðurstöður verkefnisins eru mjög jákvæðar og samstarfið gekk vel. Verkefnið er mikilvægt og hefur gengið vel í vetur. Stjórnendur eru ánægðir með verkefnastjórnina, hún hefur tryggt gott samtal milli skólana, hæfilegan þrýsting á alla aðila og góða framvindu í verkefninu. Það hefur líka verið mjög

mikilvægt að hafa ábyrgðaraðila/tengiliði úr hópum kennaranna, sem komu sterkir inn. Að mati stjórnenda hefur þeim markmiðum sem við settum okkur verið fylgt og það er almenn ánægja með þau fyrstu skref sem kennarar hafa tekið. Hver og einn þátttakandi tók þátt í verkefninu á sínum forsendum og gerði tilraunir eftir eigin höfði. Kennurum fannst gott að fá að taka lítil skref og fá tíma til að gera tilraunir. Reglulegir fundir virkuðu sem aðhald og fólk kepptist við að geta sýnt afrakstur tilrauna sinna á sameiginlegu fundinum.

Markmið verkefnisins náðust. Allir þátttakendur gerðu tilraunir með sýnileg markmið og leiðsagnarmat í kennslunni. Tilraunir með félagarýni eru einnig komnar vel af stað. Skólastjórnendur eru að þróa gátlista fyrir innlit í kennslustundir í samvinnu við þróunarhópinn og byrjuðu að punkta hjá sér mynstur um kennsluhætti.

Í töflu 1. aftast í skýrslunni má sjá SKÍN ferlið. Þar er greint frá þeim leiðum sem farnar hafa verið í verkefnavinnunni og eins er greint frá næstu skrefum í verkefninu og áframhaldandi þróun þess.

**Afurðir:**

Ein af afurðum SKÍN verkefnisins er *Verkfærakista kennarans*. Þá verkfærakistu er samstarfsskólinn í Bretlandi einnig að innleiða í sínu starfi ytra. Verkfærakistan byggir á flokkunarkerfi Blooms<sup>1</sup> og hefur SKÍN teymið þýtt töflu með flokkunarkerfi Blooms og aðlagð að nýrri aðalnámskrá (þekking, leikni og hæfni) og markmiðasetningu í kennslustundum (get, ætla, skal) eða GÆS. Verkfærakistan er enn í þróun og nýtist hún kennum til stuðnings við að setja fram skýr markmið sem taka mið af þekkingu leikni og hæfni.

The table maps Bloom's taxonomy levels to SKÍN categories and GÆS (Get, Ætla, Skal). It includes sub-categories like Lyklörð, Leiklörð, and Spurningar, and lists specific activities for each level.




Mynd 1 Verkfærakista kennarans

Dæmi um fleiri afurðir eru leiðsagnarmat og ýmsar tegundir af límmiðum sem kennarar líma inn í stílabækur nemenda til að gefa nemendum endurgjöf á vinnuna. Eins hafa myndast gagnabankar þar sem kennarar hafa sett fram sýnileg markmið í fjölmörgum kennslugreinum. Fjölmörg hvatningarkerfi litu dagsins ljós og sem dæmi má nefna bekkjarleið sem hélt utan um skólafernimarkmið allt skólaárið í einum bekk. Lærdómsgöngurnar hafa haft jákvæð áhrif á starfsmannahópinn. Þar miðlar starfsfólk góðum hugmyndum til samstarfsfólks og veitir stuðning í að auka fjölbreytni í skólastarfinu. Félagarýni frá aðilum sem eru ekki nánir samstarfsmenn er einnig jákvætt innlegg og kemur inn með nýtt sjónarhorn. Fjölbreyttari nálgun í endurgjöf til nemenda leit dagsins ljós. Tengslanet kennara hefur stækkað og þeir hafa betri innsýn í starf samstarfsskólans.


Mikill áhugi er meðal þátttakenda að halda áfram að dýpka og festa í sessi samvinnu innan og milli skóla og skólastiga með það að leiðarljósi að auka samfellu í námi og kennslu. Í ljós hefur komið að

<sup>1</sup> Sótt á: <http://www.educatorstechnology.com/2014/03/new-blooms-taxonomy-planning-kit-for.html>

andrymi er mismunandi eftir deildum í skólunum tveimur. Eftir því sem samstarfsaðilum fjölga innan fagdeildar eða árgangs, því kraftmeira verður samtalið milli kennara og tilraunum með nýja nálgun í kennslu fjölga. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um tilraunir vetursins. Fyrri dæmið er frá leiðsagnarmati í 1. bekk og seinna dæmið er dæmi um sýnileg markmið í stærðfræði á unglingastigi.



Mynd 2 Framfarir í skrift hjá nemanda í 1. bekk



Mynd 3 Dæmi um markmiðssetningu í stærðfræði

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Skólastjórnendur héldu kynningu á verkefninu á ársfundi Skólastjórafélags Íslands í október 2015. Kynningin fór fram í svokölluðum [menntabúðum](#) sem eru þannig byggðar upp að munnlega er sagt frá verkefninu og vettvangur til spurninga og samræðu skapaður. SKÍN verkefnið var kynnt tvisvar og fjöldi þátttakenda sprengdi upp umræðuformið. Haldnar voru tvær kynningar og það mættu um 40 manns á fyrri kynninguna og 30 á seinni.

Verkefnið verður kynnt á [haustráðstefnu](#) Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin verður í Garðabæ í haust. Verkefnið verður einnig kynnt á [Haustráðstefnu](#) skólasamfélagsins í Garðabæ. Hægt er að lesa sig til um verkefnið á vef [Menntaklifsins](#).

**Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um:**

SKÍN verkefnið var styrkt bæði af Sprotasjóði og Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2015-2016. Verkefnið hefur hlotið framhaldsstyrk frá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ á næsta skólaári. Þar verður haldið verður áfram að þróa „SKÍN“ andi skóla. Með framhaldsverkefninu er ætlunin að virkja fleiri kennara til starfsins og festa öflug vinnubrögð í anda Aðalnámskrár enn betur í sessi svo lærdómssamfélagið í Garðabæ verði fremst í flokki.

Áhugi er á því að halda áfram samvinnu við Shouburyness skólann ytra og festa samstarfið enn betur í sessi.

Dagsetning: 15. júní 2016

Undirskrift verkefnisstjóra Asta Sívaldóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla Margrét Hafþardóttir

## SKÍN FERLI 2015-2016 og 2016-2017

Ferli	Framkvæmd	Ný gögn
<p><b>1. STIG – jan-maí 2015</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hugmyndafundur í Hofsstaðaskóla</li> <li>Garðaskóli bætist við verkefnið</li> <li>Gagnasöfnun</li> <li>Markmið og áætlun mótuð</li> <li>Sótt er um styrki vegna SKÍN</li> <li>Skipun verkefnisstjórnar ( Menntaklif)</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn: Þátttökuskólar, Hofsstaðaskóli, Garðaskóli og Menntaklif</p>	<p>Efni frá Comeniusar verkefni</p> <p>SÍS -Leiðbeiningar um innra mat skóla Listar frá og þátttökuskólum</p> <p>SKÍN í starfsþróunaráætlun</p>
<p><b>2. STIG Júní-sept 2015</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Kynningarefni undirbúið</li> <li>Kynning á SKÍN í þátttökuskólum</li> <li>Fyrsti teymisfundur haldinn, verkefni kynnt fyrir þátttakendum og næstu skref mótuð</li> <li>Frekari gagnasöfnun og rýnt í fyrirleggjandi gögn</li> <li>Áætlun mótuð fyrir innlit skólastjóra, félagastuðning, lærdómsgöngu, hæfniviðmið og kennsluseðla, sýnileg markmið.</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi</p>	<p>Vinnugögn frá Skínteymi</p> <p>Aðgerða- og tímaáætlun</p> <p>Tékklisti fyrir innlit</p>
<p><b>3. STIG sept 2015 - maí 2016</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Aðgerðir verkþátta framkvæmdar</li> <li>Reglulegir rýni og endurmatsfundir þátttakenda</li> <li>Sýnileg markmið kennara og nemanda, (nemendaáætlanir og markmið).</li> <li>Leiðsagnarmat prófað</li> <li>Innlit skólastjóra í kennslu</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi (20 starfsmenn) Hluti nemenda</p>	<p>Umbætur á fyrri áætlunum</p> <p>Sýnileg námsmarkmið</p> <p>Þýðing og staðfæring á verkfærakistu kennarans (Blooms)</p> <p>Límmiðar: Endurgjöf/leiðsagnarmat</p>
<p><b>4. STIG júní – sept 2016</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stöðumat á verkefni – ( rýnivíðtöl og spurningalisti)</li> <li>Verkefni útvíkkað með nýjum þátttakendum</li> <li>Ný tímaáætlun sett fram</li> <li>Verkefni kynnt á skólaþingi í Garðabæ, á vef Menntaklifsins</li> <li>Hæfniviðmið inn í námsáætlanir og kennsluseðla.</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi</p>	<p>Spurningalisti</p> <p>Tímaáætlun</p> <p>Hæfniviðmið</p>
<p><b>5. STIG - sept 2016- maí 2017</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sýnileg hæfniviðmið/markmið. Áhersla lögð á að heil teymi vinni á samstilltan hátt</li> <li>Endurgjöf/leiðsagnarmat. Áhersla lögð á að heil teymi vinni á samstilltan hátt</li> <li>Innlit stjórnenda – jafnt og þétt allt skólaárið.</li> <li>Félagarýni kennara – mars/apríl.</li> <li>Lærdómsganga/kynningar kennara – 3x á skólaárinu (t.d. í október, mars og maí).</li> <li>Áætlun/ábyrgð nemenda á eigin námi, skipulagt út frá aldri .</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi (30 starfsmenn) Hluti nemenda</p>	<p>Matslistar – fyrir framúrskarandi kennslu (Rubics)</p> <p>Kennsluseðlar – námsáætlanir</p> <p>Innlit – tékklistar</p>
<p><b>6. STIG - júní -sept 2017</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Úrvinnsla þróunarverkefnis</li> <li>SKÍN innleitt í starfsþróunaráætlanir, skólanámsskrár og námsáætlanir.</li> <li>Tillögur að innleiðingu fyrir alla kennara og nemendur</li> <li>Þróunarverkefni útvíkkað fyrir skólann í heild fyrir starfsmenn og nemendur</li> <li>Verkefni kynnt á skólaþingi í Garðabæ, á vef Menntaklifsins og fjölmiðlum innan Garðabæjar</li> </ul>	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi Allir starfsmenn og nemendur</p>	<p>SKÍN í skólanámsskrá, starfsþróunaráætlun og námsáætlun</p>